

**Nd.**

**686. Breytingartillögur**

við frv. til laga um fimmtardóm.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

1. Við 8. gr. Tvær síðustu málsgreinar greinarinnar skal orða svo:  
Leita skal álits aðaldómara fimmtardóms, er veita skal aðaldóm-  
araembætti. Veitinguna skal taka til meðferðar á ráðherrafundi áður en  
tillaga er gerð um hana til konungs.

Þegar veita skal aðaldómara lausn frá embætti, skal sömuleiðis taka málið til meðferðar á ráðherrafundi.

2. Við 12. gr. Í stað orðsins „synodalréttinn“ i niðurlagi greinarinnar komi: kirkjudóminn.
3. Á eftir III. kafla komi nýr IV. kafli, svo látandi:

#### IV. KAFLI.

##### *Um launakjör.*

##### 14. gr.

Laun fastra dómara i fimmtardómi skulu ákveðin í launalögum. Þangað til núgildandi launalög verða endurskoðuð, skulu þeir hafa sömu laun og þau, sem nú eru ákveðin hæstaréttardómurunum í launalögum. Forseti hefir að auki 1000 kr. á ári.

Aukadómarar i fimmtardómi fá sérstaka borgun fyrir hvert mál, er þeir dæma. Dómurinn ákveður þá þóknun.

4. Við 68. gr. Fyrir „1. júlí“ í 1. málsg. kemur: 1. sept.  
(Greinatala og kaflatala breytist samkv. atkvgr.).